


- AFSTÖÐUMYND - SHEET 1 : 1000

AÐALHÖNNUÐUR

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Yfirf. |
| --- | --- | --- | --- | --- |

Votlendi

Votlendi

50 Metra lína frá Hafralónsá

*Öll mál skal sannreyna á verkstað áður en smíði hefst*

SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

## Hafralónsá. Land úr Tunguseli
681 Þórshöfn

Afstöðumynd
Aðaluppdráttur

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | | |
| --- | --- | --- | --- |
| 2207 | A1 | HANNAÐ: | AMÞ |
| (99)1.01 | | TEIKNAÐ: | AMÞ |
| | | YFIRFARIÐ: | EÓ |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
| --- | --- | --- |
| 23.6.2025 | Sýndur á teikningu | |

| | | |
| --- | --- | --- |
| Anna María Þórhallsdóttir | Arkitekt FAÍ | kt. 290779-5889 |
| Einar Ólafsson | Byggingafræðingur BFÍ | kt. 160865-5719 |

SAMÞYKKT: Approver

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál skal athuga á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.




Afstöðumynd - Veiðihús 1 : 500

Bygginga og tæknilýsing.
Veiðihús við Hafralónsá - Þorsteinsstaðir 1, 681 Langanesbyggð
Landnúmer: L238824

Almenn lýsing, starfsemi og notkun.
Um er að ræða nýbyggingu, veiðihús, sem rísa á í landi Þorsteinsstaða í Þistilfirði. Húsið er útfært með þjónustu og gistirýmum fyrir veiðimenn sem eru við veiði í Hafralónsá. Byggingin er útfærð sem heild, skiptist í tvær einingar með tengigangi milli bygginga, stærri einingin er að mestu leiti þjónustueining, en þar eru einnig 3.gestaherbergi á neðri hæð og eitt gistiherbergi fyrir starfsmann. Á fyrstu hæð í þjónustueiningu eru öll sameiginleg rými og þjónusturými fyrir starfsemina, aðalinngangur, vöðlurými, eldhús, geymslur fyrir þurrvörur og lín, þvotthús, tæknirými, starfsmanna inngangur, sem og önnur starfsmannaaðstaða. Á efri hæð er stofa, borðstofa. Aðkoma að húsinu frá bílastæði sunnan við veiðihúsið, aðalinngangur er mót suðri.

Uppbygging og efnisval
Húsið er að stærstum hluta útfært með léttum útveggjum og þaki, timburhús, hluti hússins er á tveimur hæðum, þar eru veggir neðri hæðar steinsteyptir á samt hluta af berandi innveggjum – sökklar og gólfplata eru steinsteypt.

Sökklar og gólfplata
Húsið er grunduð á þjappaða fyllingu. - Sökklar eru staðsteyptir, einangraðir með 50mm sökkulplötum, að utanverðu og 75mm EPS einangrun innan á sökkulveggi, 400mm niður fyrir botnplötu. takkadúkur er settur á sökkla, þar sem jarðvegur liggur að sökklum. Klætt er yfir einangrun að utanverðu með 12mm Viroc plötum, 40cm niður fyrir frágengin jarðveg við húsið. - Botnplata er staðsteypt, einangrun undir plötu er 75mm EPS einangrun, 24kg/m³. Kólnunartala botnplötu skal mest vera 0,3 (W/m² K). Gólfplata fyrir efri hæð er staðsteypt.

Uppbygging útveggja
Burðargrind er 45X145mmm, stífing og vindlokun er 12mm krossviður, dekkun yfir korssvið er vindlokunardúkur, „Solitex fronta quattro“ eða sambærilegt. Utanhússklæðning, veðurkápa, er „en på to“ klæðning, sett upp á loftað undirkerfi, undirkerfi fyrir veðurkápu skal að lágmarki hafa 10mm loftunarbili frá innra borði klæðningar. Á þeim hluta þjónustu byggingar sem er á 2. hæðum, eru útveggir steyptir og klæddir með sömu utanhússklæðningu og léttir veggir byggingarinnar, klætt er utanhúss á loftað undirkerfi. Einangrun útveggja er annarsvegar,145mm þéttull, 30kg/m³ í léttum veggjum, steyptir veggir eru einangraðir með 100mm veggplötum, 80kg/m³. Kólnunartala útveggja skal mest vera 0,3 (W/m² K).

Utanhússklæðning og hleðslur
Utanhússklæðning er 25mm borðaklæðning „en på to“, timburklæðning er í því umfangi sem sýnt er á útlitsmyndum. Á kvistum sem ganga fram úr þakvirki og út úr útveggjum, skulu lóðréttir ytri hlutar kvista klæddir sama efni og þak, innri hliðar lóðréttra veggja og kringum glugga á kvistum eru klæddir með láréttri gisini borðaklæðningu, gengið er frá timburklæðningu kvista á loftað undirkerfi.
Grjóthleðslur eru milli kvista á herbergjum og á gangi í gisti álmu, grjóthleðslur eru útfærðar með kjarna, hleðslu og lokað yfir með torfi, hleðslur eru í því umfangi sem sýnt er á útlits teikningum. Skorsteinn er steinsteyptur, klæddur með náttúrugrjóti.

Þak á þjónustueiningu sem snýr Norðar/Suður er mænisþak með hliðruðum mæni, annars vegar er halli 12° og hinsvegar er halli 32°. Burðarvirki er hefðbundnar trésperrur sem hvíla á útveggjum, mænis-ás, berandi innveggjum og burðarbitum í því umfengi sem kemur fram á uppdráttum sérhönnuða. Þakið er einangrað með 220mm þakull, amk. 30kg/m³, einangrun er með áföstum vindpappa (pam>20).
Þak á herbergja einingu, er mænisþak með 20° halla. Kvistir eru með 42°þakhalla, kvistir standa fram úr útveggjum og lóðréttar hliðar kvista ganga niður jafnt og útveggir, bæði í herbergjum og á gangi. Burðarvirki kvista eru hefðbundnar trésperrur sem hvíla á útveggjum, mænis-ás, berandi innveggjum og burðarbitum í því umfangi sem kemur fram á uppdráttum sérhönnuða. Þakið er einangrað með 220mm þakull, amk. 30kg/m³, einangrun er með vindpappa (pam>20). Kólnunartala í þökum skal mest vera 0,2 (W/m² K).
Þök eru létt þök með 13°, 32°, 20° og 42° halla, klædd með 18mm þakkrossvið og þakdúk, - Öndunardúk - "Solitex Mento" með (sd-gildi 0,05) - eða sambærilegt. Þakdúkur er festur á klæðningu með 35X45mm listum, nota skal naglaþéttiborða, krosslektur eru 45X95mm, lagðar þvert á „klemmi“ lista fyrir dúk, veðurkápa er Alu-zink. Litur þak- klæðningar er svartur.
Þak á tengigangi er með hliðruðum mæni, annarsvegar 3°og hinsvegar 8°halla. Þakið er byggt upp með hefðbundnu sperru- þakvirki. Sperrur hvíla á útveggjum og mænisás, súð er klædd með 18mm þakkrossvið. Lokafrágangur yfirbors er tveggja- laga asfaltdúkur, IKO powerflex 4 AD/F ICE og IKO base P4000 AD/F ICE / IKO pantera, eða með sambærilegt viðurkennt efni. Þak tengigangs er einangrað með 220mm þakull, amk. 30kg/m³, einangrun er með vindpappa (pam>20). Kólnunartala þaks skal mest vera 0,2 (W/m² K).

Innanhússfrágangur
Fyrir létta innveggi eru skilgreindar 4 týpur með mismunandi uppbyggingu eftir kröfum um brunamótstöðu og hljóðeinangrun. – Innveggjatýpa 7, 171mm – Timburgrind, 45X95mm, krossviður 12mm beggja megin og 2x2 lög af 13mm gifs beggja megin, einangrun er 95mm þéttull-plús 40kg/m³.
Þessi veggtýpa er í brunaskilum milli herbergja í herbergjaeiningu og að gangi, Innveggjatýpa 7 er einnig að hluta til við herbergi starfsmanns, við starfsmannainngang. Skilgreind uppbygging týpu 7, tryggir vegginn með EI60 brunamótstöðu og fyrir lofthljóðeinangrun upp á 55-60R´w (dB).
Innveggjatýpa 9, 120mm – Blikkgrind 70mm, krossviður 12mm beggja megin og 1x1 lag af 13mm gifs beggja megin, einangrun er 70mm þéttull-plús 40kg/m³, eru innri milliveggir í öllum gisti herbergjum og einnig á milli ákveðinna rýma í þjónustuhlutanum, eldhús, kaffistofa starfsmanna, salerni og þvottahúsi.
Innveggjatýpa 8, 199mm – Timburgrind, 45X145mm, krossviður 12mm beggja megin og 1x1 lag af 15mm eldvarnargifsi með trefjum beggja megin, einangrun er 2X70mm þéttull-plús 40kg/m³,
Almennt eru veggir slétt spartlaðir og málaðir, hluti innveggja eru einnig panelklæddir að hluta til en í vöðlurými að öllu leiti, allur veggjapanell er málaður samkvæmt litaforskrift arkitekta. Í baðherbergjum eru veggir flísalagðir að hluta til og því umfang sem sýnt er á rýmisteikningum.
Frágangur gólfa - í stofu, borðstofu, stiga, göngum, herbergjum og í „Yoga“ rými er niðurlímt 22mm massíft eikarparket. Gólf í vöðlurými er flísalagt sem og gólf í aðstöðu starfsmanna og á heilsulindarsvæði í tengigangi, einnig eru gólf baðherbergjum og á salernum flísalögð, lokafrágangur á gólfum í eldhús og þvottahúsi er Eopxy quarts.
Frágangur lofta – öll einangrun í þaki er sett upp með 2mm stálvír, cc 300mm, neðan í sperrur er rakavarnarlag, Intello Plus eða sambærilegt, rafmagnsgrind í uppteknum loftum í þjónustuálmu er 45x45mm, á rafmagnsgrind er klætt með einföldu lagi af gifsplötum, gifsplötur eru hvergi blindfeldar að veggjum, fyllt er í 3mm fúgu við plötur með viðeigandi kítti eftir aðstæðum, Eldvarnarkítti / Acryl / Vatnsheldu-myglufríu kítti, neðan í gifsplötur er 35x45mm grind og 25mm hljóðísogsplata, 75kg/m³, trefjadúkur/hljóðdúkur er strengdur neðan í grind, lokafrágangur á lofti er 22X145mm máluð, gisin timburklæðning, 20mm fúga er milli borða í lofti, frágangur á timburklæðningu að veggjum 20mm skugga fúga.
Í herbergjum eru upptekin loft byggð upp með svipuðum hætti, en breytingin er sú að neðan í rafmagnsgrind, 45x45mm, er ekki klætt með gifsölötum neðan á grind, trefjadúkur/hljóðdúkur er strengdur beint neðan í rafmagns grind, lokafrágangur á lofti er 22X145mm máluð, gisin timburklæðning, 20mm fúga er milli borða í lofti, frágangur á timburklæðningu að veggjum er útfærður með 20mm skugga fúgu eins og í öðrum samskonar loftum í byggingunni. Loft eru tekin niður að hluta í þjónustueiningu, gistieiningu og tengibyggingu, sjá nánar í sniðmyndum og á yfirlitsmynd fyrir loftaklæðningar. Fyrir hljóðdempun í niður teknum loftum er 45mm Þéttull-plús 40kg/m³, er sett í burðargrind, við lokafrágang á klæðningu skal fylla í fúgu við hvert plötulag fyrir sig með viðurkenndum fúgumassa, vatnsheldu efni í votrýmum, eldvarnarkítti eða acryl massa, eftir því sem við á í hverju rými fyrir sig. Lokafrágangur niðurtekinna lofta í baðherbergjum er tvöfalt gifs, slétt-spartlað og málað. Í Eldhúsi og tengdum rýmum, starfsmannaaðstöðu, salerni starfsmanna, geymslum, ræstingu og þvottahúsi er lokafrágangur á loftum, kerfisloft, „Rockfon/Ecophon“ eða sambærilegt efni, hljóðísogsplötur gerðar til að þola 100% loftraka við 40° hita.

Einangrun.
Einangrun byggingahluta er í samræmi við gildandi byggingareglugerð nr.112/2012. og útreikningur er samkvæmt ÍST66.

Orkurammi – reiknað gildi.
- Steypt gólf með gólfgeisla, 0,30 (W/m²K)
- Steyptur útveggur, 0,36 W/m2K
- Léttur útveggur, 0,22 (W/m²K)
- Þök-Létt, 0,19 (W/m²K)
- Gluggar, 0,21 (W/m²K)

Krafa meðaltals er, <0,85
Vegið meðaltal orkuramma, 0.78

Annað
Samkvæmt 12.8.1 gr. byggingareglugerðar, skal tyggja að læst geymsla eða skápar verði skilgreindir fyrir hættuleg þvottefni, hreinsefni o.þ.h.

Votrými
Flísar eða epoxy kvarts er á gólf í vinnurýmum og öðrum þjónustutengdum votrýmum. Veggir í votrýmum eru klæddir með vatnsheldum gifsplötum á rafmagnsgrind og á veggja grindur. Í öllum tilvikum eru plötur ekki blindfeldar að gólfi, lofti eða í lóðréttum kverkum, við láréttar og lóðréttar kverkar skal vera 3mm fúga sem fyllt er í með Polyurethane eða öðru viðurkenndu efni, kítta skal í kverkar á hverju plötulagi fyrir sig, einnig skal vígsla plötuskeytum. Lokafrágangur veggja í votrýmum undir flísalögn er þannig að kverk borðar eru lagðir í kítti og þéttikvoðu í allar kverkar, lóðréttar og láréttar, lofkafrágangur undir flísalögn eru tvær umferðir af raka-þéttikvoðu yfir alla fleti.
Í þvottahúsi, tæknirými, ræstingu, og öðrum votrýmum þar sem ekki er flísalagt og hætta er á gufumyndun, eru veggir málaðir með viðurkenndu málningarefni sem stenst ofangreint álag.

Hljóðvist
Forsendur fyrir hljóðvist miðast við að kröfur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 séu uppfylltar. Þar segir: „Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45“. Ekki liggur fyrir eiginleg hljóðvistarhönnun fyrir húsið, en farið er eftir leiðbeiningum frá hljóðvistar hönnuði ásamt leiðbeiningum framleiðenda fyrir uppbyggingu milliveggja og samsetningu byggingahluta.
Þar sem það á við eru lagnir slitnar frá burðarvirki og gengið frá með þéttingu milli rýma. Leiðarar innveggja eru með „hljóðfilt“ og skulu settir upp að sperrum, milliveggir skulu í öllum tilvikum rjúfa lofta og vegg klæðningu milli herbergja og annarra rýma, gólf leiðarar eru einnig með „hljóðfilti“. Lóðréttar stoðir milliveggja sem liggja að útvegg eða að öðrum innveggjum skulu rjúfa klæðningu milli rýma, ekki skal blindfella klæðningar að aðliggjandi veggjum og loftum, 3mm fúga skal vera í öllum kverkum við veggi og gólf, við lokafrágang skal fylla í fúgu við hvert plötulag fyrir sig með viðurkenndum fúgumassa undir málningu, eða vatnsheldu efni í votrýmum eða undir flísalögn, eftir því sem við á.

Lagnir
Inntök stofnlagna er í tæknirými
Þrefalt fráveitukerfi er frá byggingunni regnvatn, skólp og grávatn. Regnvatn af þaki verður leitt í grjótpúkk. Grávatn verður leitt í aðskilið grjótpúkk og verður meðhöndlað skv. leiðbeiningum umhverfisstofnunar. Meginhluti lóðar er með gegndræpu yfirborði, regnvatni frá nauðsynlegum niðurföllum í lóð og frá stéttum við hús verður leitt að stofnlögn fyrir regnvatn og að grjótpúkki með regnvatni frá þökum.
Skólp frá byggingun verður sameinað í stofnlögn og leitt að rotþró sem staðsett er norð-vestan við byggingu. Skólp frá eldhúsi verður leitt í gegnum fituskilju áður en það er sameinað öðru skólpi frá byggingunni. Allar frárennslislagnir verða úr viðurkenndum efnum skv. skilgreiningum lagnahönnuðar. Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn hitað í þar til gerðum neysluvatnskútum en allur frágangur miðar við að hægt verði að bæta við varmadælu á seinni stigum.

Loftræsing
Byggingin er hönnuð miðað við blandaða útfærslu, náttúrulega loftræsingu, sjálfstæðum loftræsikerfum fyrir hvert herbergi í herbergjaeiningu, loftræsi samstæðu .
Sjálfstæðum loftrsæi kerfum í notkunareiningum eru kerfin hönnuð og útfærð skv. gr. 9.6.14 í byggingarreglugerð.
Loftinnsog kerfa skal stöðvast við boð frá brunaviðvörunarkerfi. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt, veggir, loft og hurðir í skilum milli brunahólfa.
Frá eldhúsi þar sem fram fer steiking skulu loftræsistokkar tengdir háfum uppfylla EI30 brunamótstöðu, vera heilsoðnir og ganga órofnir út .

Rafkerfi
Lagnaleiðir rafmagns og smáspennu verða huldar í veggjum, gólfum og loftum eftir því sem við á, í mögulegum tilfellum þar sem settar eru utaná liggjandi pípur verða þær úr áli eða högghelddu plasti.
Lagnaleiðir utanhúss eru plast- röralagnir í jörðu, lagnaleiðir utanhúss eru greindar út frá tæknirými og að þeim stöðum sem hönnun gerir ráð fyrir rafmagni í jörðu að tengipunktum á lóð og bílastæði. Útilýsing verður óbein og glýjulaus, með „afskermuðum“ lömpum. Lagnaleið verður tryggð frá tæknirými að bílastæði, lagnaleið er ætluð fyrir hleðslubúnað raf og tvinnbíla.
Rafbúnaður verður hefðbundið innlagnaefni eftir því sem við á og ljósum verður almennt staðstýrt í öllum rýmum. Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum.
Lýsing verður hefðbundin loftlýsing og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.
Neyðar- og ÚT- lýsing verður í samræmi við staðla og í samræmi við gildandi byggingareglugerð nr.112/2012.

Brunavarnir
Brunavarnir eru ákvarðaðar út frá kröfum byggingarreglugerðar nr. 112 frá 2012, með síðari uppfærslum. Byggingin er í notkunarflokki 4.
Veiðihúsið er 582,8m². Byggingin er ein brunasamstæða og skiptist í aðskilin brunahólf, hvert gistiherbergi er sjálfstætt brunahólf, tvær flóttaleiðir eru úr hverju gistiherbergi í herbergja álmu, báðar flóttaleiðir eru um hurðir út undir bert loft, annarsvegar svalahurð í herbergi og hinsvegar fram á gang, - af gangi er síðan flóttahurð út undir bert loft. Á efri hæð, borðstofa/stofa, eru flóttaleiðir um svalahurðir út á svalir efri hæðar og um stiga niður á neðri hæð. Af gangi neðri hæðar er flóttahurð út undir bert loft á vinstri hönd þegar komið er niður úr tröppum. Flóttaleiðir úr gistiherbergjum á neðri hæð eru um björgunarop í gluggum og fram á gang - af gangi er síðan flóttahurð við enda gangs og út undir bert loft.
Frá starfsmannaaðstöðu er flóttaleið um starfsmanna inngang og um björgunarop í herbergi starfsmanna. Megin burðarvirki hússins uppfyllir kröfu um R60 brunamótstöðu, brunamótstaða veggja milli brunahólfa er EI60, brunamótstaða hurða milli brunahólfa skal vera EI2-30-CS200. Gengið er frá brunaþéttingu við þak sem uppfylla REI-60 samkvæmt grein 9.6.11. Loft eru tekin niður að hluta í Þjónustueiningu og að hluta til í gistieiningu, sjá nánar í sniðmyndum og á yfirlitsmynd fyrir loftaklæðningu í verkteikningum, lagnir sem teknar eru gegnum brunahólfandi veggi, skal ganga frá með viðurkenndum hætti skv. kröfum um brunaþéttingu,skv. 4.4.6 gr. í byggingarreglugerð. Gert er ráð fyrir að í húsinu séu mest 8-15 manns (6-12 gestir og 2-3 starfsmenn). Seldar eru gistinætur í húsinu og því ekki allir kunnugir umhverfinu. Ekki er talin hætta á þvögumyndun í húsinu þar sem fólksfjöldi er langt undir 30 manns. Reykskynjarar eru í svefnherbergjum og í öðrum rýmum byggingarinnar eins og sýnt er á grunnmynd aðaluppdrátta. Reykskynjarar eru merktir á grunnmynd, samtengdir og tengjast í stjórnstöð fyrir brunaviðvörunarkerfi. Handslökkvitæki eru merkt inn á grunnmynd, handslökkvitæki eru staðsett við alla innganga, samkvæmt teikningu – sjá grunnmynd aðaluppdrátta. (6l léttvatnstæki), að auki er eldvarnarteppi er í eldhúsi. Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni, stjórnstöð brunakerfis er í vöðlurými inn af anddyri. Út- og neyðarlýsing er í flóttaleiðum, neyðarlýsing má ekki fara undir 1 lux í miðlínu flóttaleiða, skv. reglugerð og ÍST EN1838: 1999 Lightning Application - Emergency Lighting og EN 50172: 2004: Emergency Escape Lighting Systems. Staðsetning ÚT ljósa er sýnd á aðaluppdráttum.
Aðkoma slökkviliðs er frá bílastæði sunnan við bygginguna. Í upphafi slökkvistarfs er ekki um annað slökkvivatn að ræða en það sem slökkvilið kemur með á staðinn, nálægðin við Hafralónsá gerir það að mögulegt er að koma dælum í ána ef slökkvivatn þrýtur af tönkum slökkviliðs, - þó ber að hafa í huga að mjög bratt er frá veiðihúsinu og niður að Hafralónsá, aðgengi að ánni er árstíðarbundið, bratt og óöruggt.

AÐALHÖNNUÐUR

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Yfirf. |
|---|---|---|---|---|

Helstu stærðir.

Byggingin er að hluta til á tveimur hæðum.
Birt flatarmál 582,8m²
Skiptarúmmál 1806,7m³

Lóð og bílastæði

Lóðarstærð 2.03 ha
Nýtingahlutfall 0.035
Fjöldi bílastæða 9 stk.
Þar af eitt bílastæði fyrir fatlaða
Hleðslustöðvar 2 stk.

*Öll mál skal sannreyna á verkstað áður en smíði hefst*

SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

# Hafralónsá. Land úr Tunguseli
681 Þórshöfn

Afstöðumynd og byggingarlýsing
Aðaluppdráttur

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | | |
|---|---|---|---|
| 2207 | A1 | HANNAÐ: | AMÞ |
| (99)1.02 | | TEIKNAÐ: | AMÞ |
| | | YFIRFARIÐ: | EÓ |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 23.6.2025 | Sýndur á teikningu | |

Anna María Þórhallsdóttir Arkitekt FAÍ kt. 290779-5889
Einar Ólafsson Byggingafræðingur BFÍ kt. 160865-5719

SAMÞYKKT: Approver




GRUNNMYND 1. HÆÐ 1 : 100

## SKÝRINGAR

| | |
|---|---|
| GN | GÓLFNIÐURFALL |
| BO | BJÖRGUNAROP |
| FL | FLÓTTALEIÐ UM DYR |
| RV | RÆSTIVASKUR |
| ÞN | ÞAKNIÐURFALL |
| LR | VÉLRÆN LOFTRÆSING |
| TR | TENGIBÚNAÐUR FYRIR RAFBÍLA |
| SL | SLÖKKVITÆKI |
| R | REYKSKYNJARI |
| EI60 | BRUNAMÓTSTAÐA VEGGJA |
| EI-CS-30 | BRUNAMÓTSTAÐA HURÐA |
| ! | STJÓRNSTÖÐ BRUNAVIÐV. KERFIS |

AÐALHÖNNUÐUR

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Yfirf. |
|---|---|---|---|---|

*Öll mál skal sannreyna á verkstað áður en smíði hefst*

SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

# Hafralónsá. Land úr Tunguseli

681 Þórshöfn

Grunnmynd 1. hæðar
Aðaluppdráttur

TEIKNINÚMER: 2207 (99)1.03
BLAÐSTÆRÐ: A1
HANNAÐ: AMÞ
TEIKNAÐ: AMÞ
YFIRFARIÐ: EÓ

DAGS.: 23.6.2025
MÆLIKVARÐI: Sýndur á teikningu
ÚTGÁFA:

Anna María Þórhallsdóttir — Arkitekt FAÍ — kt. 290779-5889
Einar Ólafsson — Byggingafræðingur BFÍ — kt. 160865-5719

SAMÞYKKT: Approver

Öll mál er í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál skal athuga á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.




GRUNNMYND 2. HÆÐ 1 : 100

AÐALHÖNNUÐUR

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Yfirf. |
|---|---|---|---|---|

## SKÝRINGAR

| | |
|---|---|
| GN | GÓLFNIÐURFALL |
| BO | BJÖRGUNAROP |
| FL | FLÓTTALEIÐ UM DYR |
| RV | RÆSTIVASKUR |
| ÞN | ÞAKNIÐURFALL |
| LR | VÉLRÆN LOFTRÆSING |
| TR | TENGIBÚNAÐUR FYRIR RAFBÍLA |
| SL | SLÖKKVITÆKI |
| R | REYKSKYNJARI |
| EI60 | BRUNAMÓTSTAÐA VEGGJA |
| EI-CS-30 | BRUNAMÓTSTAÐA HURÐA |

*Öll mál skal sannreyna á verkstað áður en smiði hefst*

SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

## Hafralónsá. Land úr Tunguseli
681 Þórshöfn

Grunnmynd 2. hæðar
Aðaluppdráttur

TEIKNINÚMER 2207 (99)1.04
BLAÐSTÆRÐ A1
HANNAÐ: AMÞ
TEIKNAÐ: AMÞ
YFIRFARIÐ: EÓ

DAGS. 23.6.2025
MÆLIKVARÐI Sýndur á teikningu
ÚTGÁFA

| | | |
|---|---|---|
| Anna María Þórhallsdóttir | Arkitekt FAÍ | kt. 290779-5889 |
| Einar Ólafsson | Byggingafræðingur BFÍ | kt. 160865-5719 |

SAMÞYKKT: Approver

Öll mál er í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál skal athuga á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.




Útlit Suðaustur 1 : 100




Útlit Suðvestur-Snið 1 : 100




Útlit Norðvestur 1 : 100



Útlit Suðvestur 1 : 100




Útlit Norðaustur 1 : 100

AÐALHÖNNUÐUR

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Yfirf. |
|---|---|---|---|---|

*Öll mál skal sannreyna á verkstað áður en smíði hefst*

SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

## Hafralónsá. Land úr Tunguseli
681 Þórshöfn

Útlit - Þjónustuhús
Aðaluppdráttur

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | | |
|---|---|---|---|
| 2207 (99)1.05 | A1 | HANNAÐ: | AMÞ |
| | | TEIKNAÐ: | AMÞ |
| | | YFIRFARIÐ: | EÓ |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 23.6.2025 | Sýndur á teikningu | |

| | | |
|---|---|---|
| Anna María Þórhallsdóttir | Arkitekt FAÍ | kt. 290779-5889 |
| Einar Ólafsson | Byggingafræðingur BFÍ | kt. 160865-5719 |

SAMÞYKKT: Approver

Öll mál er í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál skal athuga á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Vistað 23.6.2025 15:04:57 Útprentun: 23.6.2025




Útlit Austur 1 : 100




Útlit Austur - 2 1 : 100




Útlit Norður 1 : 100




Útlit Vestur 1 : 100

AÐALHÖNNUÐUR

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Yfirf. |
|---|---|---|---|---|

*Öll mál skal sannreyna á verkstað áður en smíði hefst*

SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

## Hafralónsá. Land úr Tunguseli
681 Þórshöfn

Útlit - Gestahús
Aðaluppdráttur

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | HANNAÐ: | AMÞ |
|---|---|---|---|
| 2207 | A1 | TEIKNAÐ: | AMÞ |
| (99)1.06 | | YFIRFARIÐ: | EÓ |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 23.6.2025 | Sýndur á teikningu | |

Anna María Þórhallsdóttir Arkitekt FAÍ kt. 290779-5889
Einar Ólafsson Byggingafræðingur BFÍ kt. 160865-5719

SAMÞYKKT: Approver

Öll mál er í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál skal athuga á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Vistað 23.6.2025 15:07:49 Útprentun: 23.6.2025




A SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




D SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




B SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




C SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




E SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




F SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




G SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




H SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




I SNIÐ
(99)1.03 1 : 100




J SNIÐ
(99)1.03 1 : 100

ADALHÖNNUÐUR

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: | Yfirf. |
| --- | --- | --- | --- | --- |

*Öll mál skal sannreyna á verkstað áður en smíði hefst*

SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

## Hafralónsá. Land úr Tunguseli
681 Þórshöfn

Snið
Aðaluppdráttur

TEIKNINÚMER: 2207 (99)1.07
BLAÐSTÆRÐ: A1
HANNAÐ: AMÞ
TEIKNAÐ: AMÞ
YFIRFARIÐ: EÖ
DAGS.: 23.6.2025
MÆLIKVARÐI: Sýndur á teikningu
ÚTGÁFA

Anna María Þórhallsdóttir — Arkitekt FAÍ — kt. 290779-5889
Einar Ólafsson — Byggingafræðingur BFÍ — kt. 160865-5719

SAMÞYKKT: Approver

Öll mál er í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál skal athuga á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.